

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag, Leyndarholt, landnr. 224673, byggingarreitir.*  
Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Leyndarholts, landnr. 224673 sem er 7,5 ha svæði. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir tveimur byggingarreitum, B-1 og B-2. Á B-1 er heimilað að reisa allt að 300 m<sup>2</sup> íbúðarhús á einni hæð, mænishæð að hámarki 5 m. Á B-2 er heimilað að reisa hesthús og skemmu að hámarki samtals 800 m<sup>2</sup>, mænishæð að hámarki 6 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 24. maí 2018.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Þórisstaðir 2, frístundabyggð, stækkun aukahúss.*  
Breytingin felur í sér að heimilað er að reisa aukahús, þ.e. geymslu, svefnhús eða gróðurhús, þó ekki stærra en 40 m<sup>2</sup> í stað 10-15 m<sup>2</sup> áður.  
Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2018.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 26. júní 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2018